

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir borun rannsóknahola við Hverahlíð, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. mars 2007 samþykkt deiliskipulag fyrir borun rannsóknahola við Hverahlíð, Ölfusi, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. greinar 6.4 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun og tekur til Hverahlíðar, svæðis fyrir rannsóknaholur. Í allt eru þar 3 rannsóknaholur. Holar HE-21, HA og HB. Deiliskipulags-svæðið er 564 ha að flatarmáli með afmörkun að norðan við Suðurlandsveg.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 14. nóvember 2007.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. nóvember 2007